# Bréf frá Þórarni Björnssyni

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin –1932 – Þórarinn Björnsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar

Askja 1-6, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

PARIS-25
15 30
8 -VII
1931
RUE DANTON




Monsieur Bjarni Benediktsson

Mommsenstr. 39 III b. Bernstein

Berlin-Charlottenburg

Allemagne

Kæri vin.

Þetta er meira helvítis pakkið sem þú byrð hjá. Hef hringt 2. og engin ansað. svo kom jeg sjálfur og þá varst þú farinn. Verður þú heima á morgun svona um kl. 1 jeg hringi þá eða kem sjálfur.

Þórarinn Ben.

---

Þórarinn Björnsson
13, rue des Écoles
Paris 5e.

PARIS-5 RUE PANTHÉON 15 30 8 - VIII 1931

PARIS-5 RUE PANTHÉON 18 - VIII 1931

Skrifa 23. júlí '32

París, 7. júlí 1932.

Kæri frændi!

Þökk fyrir brjefið þitt síðasta, sem eg hefi dregið að svara. Var á kafi í prófi þann undir maíaðarmót og síðan jeg slapp úr því, hefir letin alveg ætlað að drepa mig. Vissi líka, að Símon hafði sent þjer línu, svo að minna lá á mínu brjefi. Hann er nú farinn heim, en jeg verð hjer í París í sumar, svo að þjer er óhætt að gefa fjelaga þínum Hákoni, ávísun á mig, ef hann skyldi fara hjer um. Raunar býst jeg við að skifta um heimilisfang nú um þann 15. þ.m., en verð samt eftir sem áður viðloða við minn gamla bústað (27, rue Linné), svo að best mun að skrifa mjer og vitja mín þar.

Jeg gekk undir próf í uppeldisfræði og fór það sæmilega, en latínan bíður til hausts. Var ógerningur að búa sig undir bæði prófin, svo að í lagi væri og tók jeg það ráð að sinna mjer aðallega að uppeldisfræðinni. Þurfti til hennar meiri tíma en jeg hafði ætlað í fyrstu, og galt jeg þess þar einkum, að jeg hafði aldrei áður lesið neitt í sálarfræði. Frakkir námsmenn lesa heimspeki eitt ár undir stúdentspróf, og auk þess höfðu margir þeir, sem pedogogíuna lásu tekið áður háskólapróf í sálarfræði. Jeg stóð því afleitlega að vígi og varð að verja miklu erfiði til að jafna þann halla. Latínan varð því mjög útundan en nú hyggst jeg að bæta úr skák í sumar, og vona, að

alt blessist í haust. Annars er jeg ekkert hrifinn af því að hýrast hjer í sumar og hefði þúsund sinnum feginn kosið að komast heim fyrir allra hluta sakir. En um það tjáar ekki að sakast, og læt jeg mjer vel lynda, ef alt gengur sæmilega í haust, þó að ekki komist jeg snemma heim, því að prófinu er varla lokið fyr en um 20. nóv.

Af löndum hjer, sem við erum hjá, er ekkert að frjetta. Einar Jón. var hjer nýlega á ferð, á heimleið, hressilegur vel, en annars samur við sig. Einnig kvað Sigurður Nordal og frú hafa verið hjer, en við urðum þeirra ekki varir.

Við vorum rjett núna að fá íslensk blöð með magnaðri grein eftir Svein bróður þinn um Guðmund Skarphjeðinsson. Veit jeg ekki, hvað þeim hefir farið á milli áður, en þykist skilja, að það hafi varla verið neinkvað gott, enda þarf ólíks með því að greinin er í svæsnara lagi, nema hún hafi haft þó nokkurn aðdraganda. Auðvitað er rjettmætt að fletta ofan af svikurum og lýðskrumurum úr hvaða flokki sem er, og er jeg ekki í vafa um, að Sveinn fari með rjett mál, en tónninn í greininni er óþarflega glannalegur og ögrandi; þó að jeg viti vel, að það er hægra fyrir mig að gera slíkar athugasemdir en fyrir hina að forðast ofsann, sem í eldinum eru, og læt jeg það svo útrætt.

Lítið betra samkomulagið í heiminum þó að Tardieu sje úr sögunni, og Herriot komi í staðinn, enda var aldrei við því að búast, að Herriot-

gerði nein kraftaverk. Þetta er að vísu besti maður og það því leyti ólíkur Tardieu, en hitt efast jeg um, að hann sje því vaxinn að standa í slíkum stórræðum. Og það er alltaf þetta sama bókstafsjapl og nöldur hjá Frökkum. Þeir geta aldrei gert neitt stórt, heldur draga úr öllu og streitast á móti eins og taumleið belja. Verður það til þess að koma mótspyrnu í alla aðilja, og þó að einhver árangur komi að lokum eftir alt stappið, kemur hann svo seint og með svo mikilli ~~[illegible]~~ tregðu, að „psychologisk" áhrif hans verða engin, og er þá mikils misst. Annars eru margir vinstri-menn hjer óánægðir með framkomu Herriot og jafnvel hans eigin flokksmenn hafa í hótunum, þó að líklega láti þeir lenda við orðin tóm. Annars hætti lítið úr skák að fá þessa bölvaða aðalsmannastjórn í Þýskalandi, og þá eru Þjóðverjar vel að því komnir að fjandinn taki þá, ef þeir hyggja á að endurreisa keisaraveldið. Þó að í gær sje hægt að spá þá, eins og ástandið er, þá væri ólíkt landasök, og læi jeg ekki Frökkum, þó að þeir tækju það hart.

Það er eins og vant er, þegar letin er annarsvegar, að það er ekki annað en að gefast upp. Mjer er ómögulegt að skrifa lengra og bið jeg þig að fyrirgefa þennan snepil.

Kær kveðja til Pjeturs bróður þíns.

Blessaður og sæll!

Þórarinn Björnsson.